

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R, Óskarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Sigrún Andrésdóttir
Elisabet Vala Guðmundsdóttir
Rós Pétursdóttir
Jelena Kuzminova
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Sungkyung Kang
Dagrún Hjartadóttir

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Kristín Þóra Jökulsdóttir
Alasdair Barbour
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Finnur Jónsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Matylda Hermanska
Hrefna Guðmundsdóttir

Kontrabassi

Þórir Jóhannsson
Kjartan Guðnason

Englahorn

Guðrún Másdóttir
Össur Ingi Jónsson

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson

Slagverk

Sólrún Mjöll Kjartansdóttir

Harpa

Katie Buckley

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 16. nóvember 2014 klukkan 17. Þeir verða tileinkaðir Gunnari Kvaran sellóleikara sjötugum og mun hann leika einleik með sveitinni. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:
<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.
Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2014.



Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 12. október 2014 kl.17:00

Á heimspekilegum nótum



Einleikari:
Pamela De Sensi

Stjórnandi:
Oliver Kentish



HÖFUNDAR, TÓNVERK OG FLYTJENDUR:



Wolfgang Amadeus Mozart (1756 - 1791). Adagio og fúga í c-moll K. 546, stingur talsvert í stúf við megnið af verkum Mozarts og hefur orðið mörgum tilefni til vangaveltna. Hvað var Mozart eiginlega að þæla? Svo mikið er víst að hann var, eins og fleiri, heillaður af fjölraddatækni barokkmeistaranna. Bach var og er ókrýndur konungur kontrapunktsins, og fúgulistarinnar sérstaklega. Mozart ætlaði sér greinilega að ná tókum á henni líka og umritaði í því skyni nokkrar fúgur Bachs fyrir strengjakvartett. Einnig samdi hann fúgu (K. 426) fyrir tvö píanó. Síðustu sínfóníu sína,

Júpíter, endaði hann síðan á miklum fúgukafla og fer þá ekki milli mála að hann hefur náð fullum tókum á viðfangsefninu. Píanófúguna umskrifaði Mozart síðar fyrir strengjasveit og bætti þá framan við hana hægum en hátíðlegum inngangskafla. Það er verkið sem hér verður flutt.

Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: Adagio og fúga í c-moll, K 546

Catherine McMichael: Three Philosophies

Essence - Andantino
Insight - Moderato
Compassion - Allegro

- HLÉ -

Franz Joseph Haydn: Sínfónía nr. 22, „Der Philosoph“

Adagio
Presto
Menuetto
Finale - Presto



Catherine McMichael býr og starfar í Saginaw í Michigan. Hún stundaði nám í píanóleik, kammermúsík og meðleik við University of Michigan en hefur komið víða við á tónlistarferli sínum sem píanóleikari, kennari, útsetjari og tónskáld. Hún hefur samið og gefið út fjölda tónverka af ýmsu tagi, og fyrir mismunandi og misstóra hljóðfærahópa. Einnig hefur hún samið kennslubók fyrir píanónemendur. Tónverkið sem hér verður flutt, Three Philosophies, er orðið til undir áhrifum frá hinum þremur grunnhugmyndum Búddismans, nægjusemi, innsæi og samúð. Kaflarnir þrír eru skrifaðir fyrir þrjár gerðir af einleiksflautu, sá fyrsti fyrir kontrabassaflautu, annar fyrir bassaflautu og sá þriðji fyrir altflautu. Verkið var frumflutt 2005 en heyrast nú í fyrsta sinn á Íslandi.



Pamela De Sensi er fædd í Róm en uppalin í Lamezia Terme á Suður – Ítalíu. Hún lauk einleikaraprófi 1998 frá Conservatorio di Musica L. Perosi í Campobasso á Ítalíu og svo lokaprófi í kammertónlist frá Conservatorio di Musica S.Cecilia í Róm 2002. Einnig hefur hún sótt tíma hjá heimskunnum flautuleikurum, svo sem C. Klemm, M. Ziegler, F. Reengli, T. Wye og M. Larrieu. Hún hefur tekið þátt í mörgum keppnum utan Ítalíu sem einleikari og alltaf orðið í efstu sætum. Pamela hefur spilað á fjölda tónleika víðs vegar bæði sem einleikari og í kammertónlist og má þar nefna Frakkland, Spán, England, Kasakstan, Mexíkó, Ísland, Færeyjar, Finnland, Bandaríkin og Ítalíu. Hún er stofnandi tónleikaraðarinnar Töfrahurð í Salnum í Kópavogi sem hefur það að markmiði að opna heim klassískrar tónlistar fyrir börnum á léttan hátt. Pamela hefur kennt við Tónskólann

Do Re Mi, Tónlistarskóla Kópavogs og Tónskóla Sigursveins. Einnig er hún höfundur og meðhöfundur nokkurra bóka um tónlist, Karnival dýranna (Forlagið 2010, með hljóddiski), Englajól (Sæmundur 2012) og Strengir á tímaflakki (Sæmundur 2013). Um þessar mundir kemur út bókin Töfrahlautan sem hún hefur unnið með Eddu Austmann.



Franz Joseph Haydn (1732-1809) er stundum kallaður faðir klassísku sínfóníunnar enda samdi hann ekki minna en 104 slíkar. Vissulega áttu margir þátt í að móta þetta tónlistarform sem gafst svo vel til tónsköpunar en þáttur Haydns var drjúgur. Flestar sínfóníur hans voru samdar fyrir nokkuð staðlaða hljóðfæraskipan, það er strengjasveit, flautur, óbó, fagott, trompet og horn. Sínfónían númer 22 sker sig nokkuð úr vegna fámennrar blásarasveitar. Í henni leika einungis tvö englahorn og tvö horn, hvort tveggja hljóðæri með fremur lágt tónsvið. Þetta gefur sínfóníunni óvenjulegt og dökkt yfirbragð. Sínfóníur Haydns fengu margar nöfn sem þóttu lýsa þeim á einhvern hátt. Sú númer 22 fékk snemma nafnið Heimspékingurinn. Vafalaust dregur hún nafnið af fyrsta kaflanum. Þar kallast einföld, næstum innhverf, laglína á við gangandi bassalínu. Laglínunni er skipt upp milli horna og englahorna í eins konar spurningar og svör, ekki ólíkt samræðu heimspékinga.